á lagra verði en nafverði, skuli miðnumur nafverðs
og söluverðs skotast úthlutun úr varasjóti.

4. gr. Stálkvæmi ákvæði þarf um útlána starfsemi
sjóðsins. Þáinn verða at vera til skamma tína (virkjar),
þar at alltaf má búast vit kröfum um innlausn skv.

6. gr. Ákvæði þarf í lögnum, hvort allar nettótekjur
sjóðsins skuli renna til vaxtagreitslu af bréfum hans
(í nýjum bréfum), því at þat hefur áhrif á gangverð bréfanna.

5. gr. Orðalag greinarinnar mætti bætja, t. d. "eigi lakari skip-
um, ~~sem~~. Tafsamt er, hvort þörf er á þat stefndin sjöt-
stjórnin taki ráðin af bréfaeigendum um þat, hverskonar
skip þeir byggja. Þat virstist rétt at gera ráð fyrir
at kaupa megi lítið notuð skip frá útlöndum, en
áteinu með sérstöku leyfi sjötstjórnar.

6. gr. Hverskonar "tryggingar"?

7. gr. Esthilegast virstist at sjötunum standi sjálfur
innir öllum kostnaði sínum.

8. gr. Endurskoda þarf ákvæði skattalaganna um nýbroti
og "komplettera" fjumvarpið.

(100)

Sjálfstæðisflokkurinn heldur fund í alþingishúsinu

í dag tel. 6

- X Bjarni Benediktsson,
- X Björn Ólafsson,
- X Eiríkur Einarsson, 5819
- X Gísli Jónsson,
- X Gunnar Thoroddsen, 2873 skilaf
- X Ingólfur Jónsson,
- X Jóhann Hafstein, 5733
- X Jóhann P. Jósefsson,
Jón Pálmason, 6473 svarar ekki
- Jón Sigurðsson, 2077 svarar ekki
- X Jónas Rafnar,
- X Kristín L. Sigurðardóttir, 2697 ekki mnt
- Lárus Jóhannesson, veikur
- Ólafur Thors, svarar ekki
- X Pétur Ottesen,
- X Sigurður Ágústsson,
- X Sigurður Bjarnason,
- X Stefán Stefánsson,
- X Þorsteinn Þorsteinsson.

4,329.58
3,900.00 -

4,295.8 *
5,545.00
5,545.00 *
7,872.97
7,150.00 -

7,229.7 *
65,674.54
32,000.00 -

33,674.54 *
22,985.45
19,175.00 -

3,810.45 *
628,897.03
447,637.00 -

181,260.03 *
157,251.64
43,532.00 -

113,719.64 *
872,642.23
728,975.00 -

143,667.23 *
265,142.77
222,475.00 -

42,667.77 *
142,463.67
90,412.00 -

52,051.67 *
357,249.09
281,606.00 -

75,643.09 *
493,396.20
250,000.00 -

143,396.20 *
11,487.65
10,625.00 -

862.65 *
392,624.10
756,675.00 -

635,949.10 *
92,990.85
29,050.00 -

63,940.85 *
64,719.03

Forsat:

• Jávumál

Sjávaútom.

Samgöngumál

Dómsmál

[Líðbjúmað]

Leuslumál.



Utavriðisrh.

Útþiðtumál

Landbúnaðarmál

Félagsmál

Leuslumál

Gleibbr.

Líðbjúmað

Forsæt:

Fjarðarmál

mentarmál - Kirkjuefni
mál.

atvornarmál
(annat en landb.)

Samgönguqvarn.

Utannorð.

vískaftarmál.

domsmál.

heilbr. - og félagsmál.

landbúnaðarmál.

~~landbúnaðarmál.~~

Forsæt:

Fjarðarmál

domsmál

atvornarmál
(annat en landb.)

Samgönguqvarn.

Utannorð.

vískaftarmál

heilbr. - og félagsmál.

landbúnaðarmál

ment. - og kirkjumál.

Forsætisfélagsmál

Fjarðarmál

Heilbr. Skrifsmál

Atvornarmál annat

en landbúnaðarmál

Utannorðs domsmál

Vískaftarmál

Mentarmál

Landbúnaðarmál

Heilbr. - og félagsmál



Stjórnarfundur í V.I. haldinn 22/6 1948 skorar á formann stjórnar V.I., að hlutast til um það við Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, að á landsfundum flokksins 25. þ.m. flytji miðstjórnin tillögu til fundarályktunar, sem í meginatriðum sé samhljóða kröfum fundar kaupsýslumanna í febr. s.l. og eru þau meginatriði, sem óleyst eru og hér er við átt, þessi:

- 1) Að gagnger endurskoðun fari fram á núverandi úthlutunarreglum gjaldeyrir- og innflutnings yfirvaldanna á þann veg að komið verði á föstum, ákveðnum grundvallarreglum í fullu samráði við verzlunarstéttina, þannig að misréttis og handbófs geti ekki gett í þessum málum og einstakir aðilar geti fengið fulla vissu um það, að réttur þeirra sé ekki fyrir borð borin.
- 2) Endurskoðun verðlagsákvæða, sbr. ályktun fundar kaupsýslumanna í verðlagsmálum.
- 3) Að skipaðir verði a.m.k. tveir menn í Viðskiptanefnd eftir beinni tilnefningu V.I.
- 4) Að skipaður verði einn maður í fjárhagsráð eftir beinni tilnefningu V.I.
- 5) Að leitað verði til V.I. um tilnefningu a.m.k. eins manns í hverskonar nefndir, er fjalla um viðskiptasamninga við erlend ríki.
- 6) Að gefinn verði frjálts innflutningur nauðsynlegra lyfja skv. sérstakri skrá gerðri af Apótekarafél. Íslands í samráði við Læknafél. Íslands.
- 7) Að tilnefndur verði fulltrúi frá V.I. í Samninganefnd Utanríkisviðskipta.
- 8) Að endurskoðuð verði lög um skatta og útsvör í samræmi við samþykktir fundar kaupsýslumanna.
- 9) Að brýn nauðsyn sé og stefna beri að því, að skapa meira frjáltsræði í sölu á útflutningsvörum landsmanna, sbr. ályktun fundar kaupsýslumanna í útflutningsmálum.
- 10) Að taka til gagnerrar endurskoðunar yfirstjórn & skipulagn. fjárfestingar- og gjaldeyrismála, með því að stjórn þessara mála er nú svo seinvirk og ósamvirk, að lamandi áhrifa geti þessvegna á athafnalífið í landinu.

Fáist miðstjórn Sjálfstæðisflokksins ekki til að taka upp og fylgja eftir slíkri tillögu, skorar stjórn V.I. á formann sinn að flytja tillöguna sjálfur á Landsfundinum og beita sér fyrir því af fremsta megni að hún verði þar samþykkt.

Greinargerð: Á fulltrúanefndarfundum 19.1. '48 kom það greinilega í ljós, að fundarmenn álitu verzlunarstéttina alltof varnarlaus fyrir pólitískum árásum, er gerðar hafa verið á hana, sbr. ummali Ó. Norðmann, Eggerts Kristjánssonar og G. Hall á þessum fundum. Hið sama hefir margoft komið fram á fundum stjórnar V.I. s.l. vetur, á fundum kaupsýslumanna í febr., og nú síðast í tillögu á aðalfundi V.I. fluttri af G. Hall, Ó. Norðmann og Oddi Helgasyni, er samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða (aðeins 3 mótatkvæði). Með því að Sjálfstæðisflokkurinn er sá eini af þeim pólitísku flokkum, sem nú starfa hér, er telja verður að taka beri svari verzlunarstéttarinnar, skv. stefnuskrá flokksins og með því að langmestur hluti verzlunarstéttarinnar hefir fram að þessu stutt hann, teljum vér, að nú gefist einstakt tækifæri, er landsfundur flokksins kemur saman, að fá úr því skorið skýrt og ákveðið hver sé afstæða flokksins til vandamála stéttar vörrar.

Formaður V.Í. er þingmaður kosinn á lista Sjálfstæðisflokksins og studdur til framboða fyrst og fremst af vaxalunarstéttinni og virðist því eðlilegt að þessari áskorun sé beint til hans.

(sign)
Gunnar Hall

(sign)
Óskar Norðmann

(sign)
Sveinn Helgason

Breyting á

11. gr.

Verkefni innflutnings- og gjaldeyrisdeildar skal vera að úthluta öllum gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Skal sú úthlutun jafnan fara eftir ákvörðun fjárhagsráðs, sem ákveður hve hárrí fjárhæð skali úthluta hverju sinni fyrir hvern flokk, og einnig eftir þeim reglum um úthlutunina, sem settar eru hverju sinni af fjárhagsráði, í samræmi við ákveði þessara laga og reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisdeild. Skipta skal starfsemi deildarinnar þannig, að öll afgreiðsla og undirbúningur undir leyfisveitingar í hinum ýmsu vöruflokkum geti verið svo fljótvirk sem unnt er. Höfuðreglan, sem fara skal eftir við úthlutun leyfa til verzlana, í þeim vöruflokkum þar sem hægt er að koma við gæðasamanburði, skal vera að láta þá sitja fyrir innkaupum, sem geta sýnt fram á, að þeir geri hagkvæmst innkaup og selji vörur sínar lægsta verði. Í öðrum vöruflokkum skal veita 85% af innflutningnum til þeirra innflytjenda, er áður hafa annast hann og í sömu hlutföllum og þeir hafa haft á árunum 1938-1939 ^{og} ~~á árunum 1938-1939~~ ¹⁹⁴²⁻¹⁹⁴⁶ (meðaltal). Þó skal innflutningur árunum 1938-1939 margfaldast ⁵ með heildsöluvísitölu ársins 1943. Innflutningur, sem átt hefur sér stað í beinum skiptum fyrir íslenskar vörur (kompensation), skal ekki talinn með hér sem innflutningur þess aðila. Þer innflutninginn hefur annast. Ef sérstakt samkomulag er kært milli sérgreina innan verzlunarinnar, um aðra skiptingu þeirra á milli en hér að framan er ákveðið, skal það tekið til greina við úthlutun leyfa. Hinum 15% skal úthluta annaðhvort til viðbótar á sama hátt, eða til að greiða fyrir nýjum innflytjendum eða til að jafna óeðlilegan mismun, að dómi fjárhagsráðs. Þegar um er að ræða að greiða fyrir nýjum innflutningi smásala, skal miða við kaup þeirra af erlendum vörum hjá heildsöluverzlunum.

Leitast skal við að fullnægja hræfnabörf þess iðnaðar, sem

frh. 12. gr.

talinn verður samkeppnisfær eða sem hagkvæmt þykir að starfrækja af gjaldeyrisástæðum.

Við úthlutun leyfanna skal ennfremur að því stefnt, að vörudreifingin um landið verði sem jöfnust, miðað við þarfir á viðkomandi stað, og heildarinnflutning til landsins í hverjum vöruflokki. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal yfirleitt ekki veita nema fyrir liggi upplýsingar um verð vörunnar. Fjárhagsráðsmenn beir, sem hafa umsjón með innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu ráða fulltrúa til þess að undirbúa allar leyfisveitingar fyrir sína hönd. Skulu fjárhagsráðsmennirnir gefa daglega skýrslur til fjárhagsráðs, og hagfræðideildar, bæði um það hverjum leyfin eru veitt, fyrir hvaða vörutegund, á hvaða land og fyrir hvaða upphæð. Skal fjárhagsráð á þann hátt fylgjast með að settum reglum um að úthlutun leyfa sé fylgt, en hagfræðideild annast bókfærslu leyfanna.

Ábendingar til ráðherra Sjálf-
stæðisflokksins.

Benda ráðherrum Sjálfstæðisflokksins á,
að frumvarpið feli í sér allverulegar breytingar á valdi ríkisstjórn-
arinnar yfir þessum málum, er færast í hendur viðskiptamálaráðherra
--- sbr. seinni hluta fyrstu málsg. 6.gr. : "Hann sker úr um
ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til
hans" /í staðinn fyrir : Hún sker úr um ágreiningsmál, sem
einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar / ---

Sjá einnig : 11. gr., 13. gr., 17. gr., 23. gr. og 28. gr.
Athuga sérstaklega 6. gr. -- 17. gr. -- 23. gr. --

Breytingar við 5. gr., 8. gr., 13. gr., 15. gr., 16. gr. og 23. gr.

5. gr. Aftan við 2. málsg. bætist.

"Þó skulu tveir fjárhagsráðsmenn hafa umsjón með innflutnings- og gjaldeyrisdeild".

8. gr. 1. m.gr. Í stað orðanna "nýs atvinnurekstrar", komi :
nýrra atvinnufyrirtækja.

13. gr. 1. m.gr. Á eftir orðunum "bæjar- og sveitarfélaga", komi :
Skulu allar slíkar yfirfærslur skrásettar jafn-
öðum af hagfræðideild fjárhagsráðs.

15. gr. Í stað orðanna "skal leitast við að sjá um", komi :
skal það sjá um.
Síðari málsliður greinarinnar "við veitingu inn-
flutnings- og gjaldeyrisleyfa" falli niður.

16. gr. Á eftir orðunum "Svo getur fjárhagsráð úrskurðað um
aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu
á vörum " komi : enda sé hér ekki um sannanlega kostn-
aðarliði (kalkulationsliði) að ræða.

23. gr. Greinin orðist svo:
Engin bein vöruskipti (kompensation) má fjárhagsráð
leyfa, nema með samþykki viðskiptamálaráðherra. Ágrein-
ingi um afgreiðslu slíks máls má fjárhagsráðsmaður skjóta
til ríkisstjórnarinnar.

Atriði, sem Verzlunarráð Íslands lagði
mikla áherzlu á, en ekki hafa verið
tekin upp í frumvarpinu.

Benda ráðherrum Sjálfstæðisflokksins á,

- a) að ekki hafi, í sambandi við skiptingu innflutningsins milli innflytjenda (verzlana), verið tekið tillit til óska Verzlunarráðsins um 85 % og 15 % skiptingu.
- b) að ekki hafi verið tekið tillit til óska V.Í. um þau ár, er nota skal til þess að finna hlut hvers innflytjanda í innflutningnum.
- c) Ekki er minnst á iðnaðinn, en þar vill V.Í. endurtaka óskir sínar um að leitast sé við að fullnægja hráefnaþörf þess iðnaðar, sem talinn er samkeppnisfær, eða sem hagkvæmt þykir að starfrækja af gjaldeyrisástæðum.

Breyting á

12. gr.

Verkefni innflutnings- og gjaldeyrisdeildar skal vera að úthluta öllum gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Skal sú úthlutun jafnan fara eftir ákvörðun fjárhagsráðs, sem ákveður hve hárrí fjárhæð skuli úthluta hverju sinni fyrir hvern flokk, og einnig eftir þeim reglum um úthlutunina, sem settar eru hverju sinni af fjárhagsráði, í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisdeild. Skipta skal starfsemi deildarinnar þannig, að öll afgreiðsla og undirbúningur undir leyfisveitingar í hinum ýmsu vöruflokkum geti verið svo fljótvirk sem unnt er. Höfuðreglan, sem fara skal eftir við úthlutun leyfa til verzlana, í þeim vöruflokkum þar sem hægt er að koma við gæðasamanburði, skal vera að láta þá sitja fyrir innkaupum, sem geta sýnt fram á, að þeir geri hagkvæmust innkaup og selji vörur sína lágsta verði. Í öðrum vöruflokkum skal veita 85% af innflutningnum til þeirra innflytjenda, er áður hafa annast hann og í sömu hlutföllum og þeir hafa haft á árunum 1938-1939 og 1942-1946 (meðaltal). Þó skal innflutningur áruna 1938-1939 margfaldast með heildsöluvísitölu ársins 1943. Innflutningur, sem átt hefur sér stað í beinum skiptum fyrir íslenzkar vörur (kompensation), skal ekki talinn með hér sem innflutningur þess aðila, er innflutninginn hefur annast. Ef sérstakt samkomulag er gert milli sérgreina innan verzlunarinnar, um aðra skiptingu þeirra á milli en hér að framan er ákveðið, skal það tekið til greina við úthlutun leyfa. Hinum 15% skal úthluta annaðhvort til viðbótar á sama hátt, eða til að greiða fyrir nýjum innflytjendum eða til að jafna óeðlilegan mismun, að dómi fjárhagsráðs. Þegar um er að ræða að greiða fyrir nýjum innflutningi smásala, skal miða við kaup þeirra af erlendum vörum hjá heildsöluverzlunum.

Leitast skal við að fullnægja hráefnaþörf þess iðnaðar, sem

frh. 12. gr.

talinn verður samkeppnisfær eða sem hagkvæmt þykir að starfrækja af gjaldeyrisástæðum.

Við úthlutun leyfanna skal enn fremur að því stefnt, að vörudreifingin um landið verði sem jöfnust, miðað við þarfir á viðkomandi stað, og heildarinnflutning til landsins í hverjum vöruflokki. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal yfirleitt ekki veita nema fyrir liggja upplýsingar um verð vörunnar. Fjárhagsráðsmenn þeir, sem hafa umsjón með innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu ráða fulltrúa til þess að undirbúa allar leyfisveitingar fyrir sína hönd. Skulu fjárhagsráðsmennirnir gefa daglega skýrslur til fjárhagsráðs, og hagfræðideildar, bæði um það hverjum leyfin eru veitt, fyrir hvaða vörutegund, á hvaða land og fyrir hvaða upphæð. Skal fjárhagsráð á þann hátt fylgjast með að settum reglum um að úthlutun leyfa sé fylgt, en hagfræðideild annast bókfærslu leyfanna.

EMIL MAGNÚSSON
ÞÓRSHÖFN.

Þórshöfn 28.10.1948

Herra ráðherra Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Einsog yður mäske rekur minni til, var eg staddur hjá yður fyrir um mánuði síðan og var þá að athuga möguleika á því að koma hér upp verzlun á Þórshöfn. Þetta hefir nú tekizt, og eg opnaði verzlunina fyrir fáum dögum síðan.

Nú langar mig enn að leita á náðir yðar og biðja yður liðsinnis. Eg hefi í dag sent viðskiptanefnd umsókn um leyfisveitingu fyrir búasáhöldum, skófatnaði og vefnaðarvöru, samtals kr. 8000.00.

Þetta er að vísu ekki há upphæð, en Viðskiptanefnd hefir víst í mörg horn að líta. Eg vildi nú mega vænta þess, að þér sæuð yður fært, að tala við einhvern okkar mann í Viðskiptanefnd, og leggja mér liðsyrði, því að það ætla eg, að hafi sína þýðingu.

Mér er þetta mikið áhuga- og hagsmunamál og vildi mega vænta þess, að þetta gæti tekizt.

Eg bið yður svo velvirðingar á þessu kvabbi, og kveð yður,

virðingarfyllzt,
Emil Magnússon

Útflutningur sjávarafurða af framleiðslu
ársins 1947.

Heildarútflutningur
pr. 31/10. 1947

	Magn	Verðmæti	Magn	Verðmæti
Síld, sölтуð tn.	51.364	9.961.032 kr.	tn. 56.221	10.795.959
Hrogn, sölтуð -	16.194	1.931.471 -	16.194	1.931.471 -
Síld, fryst kg.	14.843	28.802 -	kg. 14.843	28.802 -
Síld, ísuð	377.571	225.748 -	- 377.571	225.748 -
Síldarolía	16.928.425	43.676.698 -	18.150.196	45.884.286 -
Síldarmjöl	8.305.465	8.078.939 -	9.912.465	9.719.832 -
Fiskmjöl	4.599.920	4.802.393 -	4.967.920	5.035.331 -
Lýsi	4.861.634	20.812.167 -	4.861.634	20.812.167 -
Saltfiskur, óverk.	12.085.300	20.877.000 -	21.229.460	37.421.474 -
- do - verk.	300.100	791.561 -	300.100	791.561 -
Ísvarinn fiskur	44.508.666	31.352.995 -	44.508.666	31.352.995 -
Fréðfiskur	16.875.709	48.820.601 -	22.113.084	60.278.376 -
Niðursuða	206.311	968.364 -	206.311	968.364 -
Harðfiskur	"	"	350	3.570 -
		<u>192.327.771 kr.</u>		<u>225.249.936 kr.</u>

Fréðfiskur útfluttur til U.S.A. 1.086 smál. áætlað sölverð 2.753.000.- kr.
 Fréðfiskur, birgðir f. U.S.A. 320 - - - - - ~~812.000.-~~
 Saltfiskur, birgðir ^{þessu líkindu} ca. 7.000 - - - - - 600.000.-
 Fréðfiskur, birgðir seldar ca. 8.700 - - - - - 12.000.000.- + 2.000
 Ísvarinn fiskur, áetl. nóv./des. - - - - - 23.300.000.-
 - - - - - 15.000.000.- (bráttó)

Útflutningsverðmæti sjávarafurða framleiddra á árinu 1947 ca. 246 milljónir kr.
 Heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða 1947 (áetl. f.nóv./des.) 279 milljónir kr.

Fiskifélag Íslanas

Jakob J. Jakobsson, á Akureyri, sem umboðsmaður stefnda í samning-
um við stefnanda um völu eignarhluta stefnda. Hafið umboðsmanninum
með sér dagaþetta vörðslu (5skj. nr. 5), er stefndur hafið
undirtekið í vörðslu lögreglu viðtökuvottis, svohljóðandi:
"Stefndur hafið Jakobsson, lögregluvörðslu, til heimilis
Hafnarveg 38 Reykjavík, hafið vörðslu vörðslu, að þá er það og með
þessum dagaþessi vörðslu til eignarhluta stefnda á vörðslu
Lögreglu-Útgerðarfélaginu Narfa, hverju nafni, sem nefnist,
sem nú er í vörðslu nr. 38 Hafnarveg 38 Reykjavík og vörðslu nr. 38
vörðslu á vörðslu, enda er þá sama tíma í þessum vörðslu
vörðslu á vörðslu þess félags og í þessum vörðslu á vörðslu
vörðslu á vörðslu þess félags til
1944

ENDURRIT

úr

D Ó M A B Ó K

R E Y K J A V I K U R

-----oOo-----

Ár 1945, þriðjudaginn 6. nóvember, setti Einar Arnalds, borgar-
dómari, bæjarþing Reykjavíkur í skrifstofu sinni í Tjarnargötu 10,
og hélt það ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

málið nr. 566/1944,

Utgerðarfélagið Narfa

gegn

Aka Jakobssyni

og kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefir Guðmundur út-
gerðarmaður Jörundsson, f. h. Utgerðarfélagins Narfa í Hrísey,
höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttumleitun, gegn
Aka atvinnumálaráðherra Jakobssyni, hér í bønnum, með stefnu út-
gefinni 15. nóvember 1944 til greiðslu skuldar að fjárhæð kr.
21.995.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1944 til greiðsludags
og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir aðallega krafist sýknu og málskostnaðar, en
til vara sýknu gegn greiðslu á kr. 17.855.15.

Málavextir er þessir:

Aðiljar höfðu verið um nokkurn tíma sameigendur Utgerðar-
félagins Narfa, en hinn 9. febrúar 1943 var bróðir stefnds,

Jakob J. Jakobsson, á Akureyri sem umboðsmaður stefnds í samning-
um við stefnanda um sölu eignarhluta stefnds. Hafði umboðsmaðurinn
með sér ódagsetta yfirlýsingu (ðskj. nr. 5), er stefndur hafði
undirritað í viðurvist tveggja vitnundarvotta, svohljóðandi:

"Ég undirritaður Aki Jakobsson, lögfræðingur, til heimilis
Rauðarárstíg 32 Reykjavík, lýsi því hér með yfir, að ég frá og með
þessum degi sleppi öllu tilkalli til eignarhluta míns af öllu
lausafé- Útgerðarfélagins Narfi, hverju nafni, sem nefnist,
sem nú er í vörslum hr. Guðmundar Jörundssonar og fell frá öllum
kröfum á hendur nefndu félagi, enda er ég frá sama tíma laus við
allar skuldbindingar þess félags og laus við allar kröfur á hendur
mér út af rekstri félagsins hingað til.

Reykjavík 1943 "

Jafnframt virðist umboðsmaðurinn hafa lagt fram fullt og
ótakmarkað umboð í símskeyti frá stefndum, til þess að afsala
stefnanda eignarhluta stefnds í félaginu "samkvæmt umtali".

Lauk skiptum umboðsmannsins og stefnanda svo, að þeir undirrituðu
svohljóðandi yfirlýsingu, dagsetta 9. febrúar 1943: "Í sambandi
við sölu m/s. Narfa EA671 erum við undirritaðir ásáttir um að
greiða að jöfnu kröfu þá er kynni að falla á Útgerðarfélagið Narfi
í sambandi við óleyst váttryggingarspursmál m/s. Magnús Norðfirði
á hendur vélbátatrygg. Eyjafjarðar og eigenda m/s. Narfa.

Ennfremur skatta og útsvar á útgerðarfélagið Narfi fyrir árið
1942." Samhliða því, bætti umboðsmaðurinn þessari setningu í
yfirlýsingu þá, er fyrr greinir, og hann hafði meðferðis: "að
undanteknu því, sem um getur í meðfylgjandi yfirlýsingu dags.
9. febr." Ennfremur dagsetti hann og undirritaði fyrrnefndu
yfirlýsinguna.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á yfirlýsingunni
á dóm skjali nr. 4, og eru þær sundurliðaðar svo:

1. Samkvæmt niðurlausun sjóttjóns (fyrrri málsgrein
yfirlýsingarinnar) kr. 21.953.30
2. Tekju- og eignarskattur og verðhækkunar-
skattur fyrir árið 1943 " 6.242.00
3. Aukaútsvar fyrir árið 1943 " 7.515.00

4. Hækkun ríkisskattanevndar á sköttum fyrir

árið 1942 kr. 8.280.50

Samtals Kr. 43.990.80.

Helmingur þeirrar fjárhæðar nemur stefnukröfunni í máli þessu og þar sem stefnandi telur stefndan skuldbundinn til greiðslu hans, hefir hann höfðað mál þetta.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að nefndur umboðsmaður hans hafi ekki verið bær um að gera samning þann, er greinir á dómskjali nr. 4, og þegar er lýst. Heldur stefndur því fram, að umboðið hafi verið takmarkað við efni yfirlýsingarinnar á dómskjali nr. 5, eins og hún var þegar hann undirritaði hana og að símskeyti það, er veitti greindum Jakob fullt og ótakmarkað umboð, hafi verið sent í trausti til þeirra takmarkana. Þetta telur stefndur að hafi átt að vera stefnanda ljóst, enda hafi umboðsmaðurinn gert fyrirvara að þessu leyti, þannig að samningar þessir ættu því aðeins að taka gildi, að stefndur samþykkti þá berum orðum. Það samþykki hafi aldrei verið veitt, heldur hafi stefndur tilkynnt það stefnanda í samtali, að hann gengi ekki að þessum kjörum. Þessu til stuðnings hefir stefndur meðal annars bent á það, að hann hafi átt all háar fjárkröfur á hendur félaginu og hafi það að sjálfsögðu verið forsenda fyrir afsölum þeirra, að hann væri laus allra mála við fjárreiður félagsins.

Aðiljar málsins hafa báðir komið fyrir dóm, svo og fyrrgreindur umboðsmaður stefnds. Auk þess að neita eindregið þeirri staðhæfingu umboðsmannsins, að fyrirvari hafi verið gerður um samþykki stefnds, hefir stefnandi haldið því fram, að fyrrgreindar kröfur stefnds á hendur félaginu hafi verið greiddar, samkvæmt samkomulagi, með tveim víxlum, útgefnum 9. febrúar 1943. Var annar þeirra að fjárhæð kr. 7000.00 með gjalddaga 9. febrúar 1944, en hinn kr. 11.000.00 með gjalddaga 9. ágúst 1944, og heldur stefnandi því fram, að hinn langi gjaldfrestur þeirra hafi stafað af væntanlegri skuldjöfnun við kröfur hans í þessu máli, en hinsvegar hafi hann neyðzt til að greiða víxla þessa, vegna annarar ráðstöfunar stefnds á þeim.

Í máli þessu þykja eigi, gegn eindreginni neitun stefnanda, færðar sönnur á þá staðhæfingu stefnds, að umboð greinds Jakobs

Jakobssonar hafi verið háð takmörkunum með þeim hætti, að stefnanda hafi mátt vera þær ljósar, enda verður viðurkenning stefnanda á því, að umboðsmaðurinn hafi látið orð falla um það í lok samningsgerðarinnar, að stefndur kynni að verða óánægður með samninginn, ekki talin veita næga stoð í gagnstæða átt. Verður því eigi unnt að taka til greina aðalkröfu stefnds.

Varakrafa stefnds kemur þá næst til álita. Hann hefir ekki véfengt þrjá fyrstu kröfuliði stefnanda, en mótmælti hinsvegar 4. kröfuliðnum og telur hann ekki geta fallið undir yfirlýsinguna á dómskjali 4. Í því skjali sé einungis gert ráð fyrir sköttum fyrir árið 1942, en með því sé átt við skatta þá, sem lagðir séu á tekjur þess árs og eignir í lok þess árs.

Stefnandi hefir haldið því fræm, að stefndum beri einnig að greiða hluta þessarar kröfu skattayfirvaldanna, þar eð hún hafi ekki verið til komin, er samningar þeir tókust, er að framan greinir, en fallast þykir verða á það með stefndum, að eigi sé heimild til svo rúmrar skýringar á efni margnefndrar yfirlýsingar og verður varakrafa stefnds því tekin til greina að þessu leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndum verður gert að greiða stefnanda kr. 17,855.15 með 6% ársvöxtum, sem telja ber frá sáttakærudegi, 27. október 1944 til greiðsludags. Eftir þessum málalokum þykir og rétt, að stefndur greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.700.00.

Einar Arnalds, borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Áki Jakobsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jörundssyni f. h. Utgerðarfélagssins Narfa, kr. 17.855.15 með 6% ársvöxtum frá 27. október 1944 til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Einar Arnalds.

Rétt

endurrit staðfestir.

Skrifstofu borgardómarans í Reykjavík, 24. júlí 1947.

Einar Arnalds



1, að stefn-
ning stefn-
m það í lok
gður með
tt. Verður
annad
nn hefir ekki
hinsvegar
yfirlýsing-
ö fyrir skött-
sem lagðir
ri einnig að
eð hún hafi
ö framan grein-
gi sé heimild
ingar og
su leyti.
r gert að
telja ber
. Eftir
tefnanda

undi Jörunds-
ö 6% ársvöxt-
0.00 í máls-
viðlagðri

Rétt